

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarnefnd

Efni: Tillaga um uppbyggingu á búsetukjarna fyrir fatlað fólk

Dags: 15. september 2024

Málsnúmer: 202409278/-

Sendandi: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að byggingu nýs búsetukjarna fyrir fatlað fólk í Mosfellsbær sem verði á bilinu 470–550 fm. með íbúðum fyrir sex til sjö íbúa auk starfsmannaaðstöðu.

Lagt er til að velferðarnefnd samþykki að vísa meðfylgjandi tillögu til bæjarráðs til formlegrar meðferðar.

Greinargerð:

Samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/218 og reglugerð um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016 skulu sveitarfélög, sem þjónustuaðili, bera ábyrgð á að tryggja að nægt húsnæði sé til staðar fyrir fatlað fólk sem hefur sérstakar eða miklar þjónustuþarfir. Mosfellsbær ber því ábyrgð á að nægt framboð sé til af búsetukjörnum í sveitarfélaginu. Við yfirfærslu ábyrgðar þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 voru þrjú búsetukjarnar í sveitarfélaginu sem höfðu verið byggðir á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi. Engin búseta var byggð í sveitarfélaginu á árunum 2011 – 2024. Við yfirtöku sveitarfélagsins á þjónustu við íbúa Skálatúns þann 1. júlí á síðasta ári bættust við sex kjarnar sem staðsettir eru á lóð Farsældartúns.

Nýr kjarni, byggður af Þroskahjálpi, verður opnaður á næstunni við Úgötu. Þar mun Þroskahjálpi vera áfram eigandi hússins og leigusali en Mosfellsbær mun reka þá þjónustu sem fram fer í kjarnanum. Munu þar búa fimm einstaklingar og hefur verið öllum íbúðum verið úthlutað. Á biðlista eftir búsetu eru nú 11 einstaklingar, allir í mikilli þörf fyrir búsetu. Í sex kjörnum á lóð Farsældartúns búa nú 28 einstaklingar og munu tveir flytja þaðan í Úgötuna þegar hún verður tilbúin. Af þeim 26 sem verða eftir eru eingöngu sjö íbúar sem búa í íbúðum en 19 einstaklingar búa í herbergjasambýlum. Þannig er brýnt að bjóða hluta þess hóps ný og betri búsetuúrræði. Slíkt er ekki mögulegt nema með uppbyggingu á húsnæði í sveitarfélaginu en um uppsafnaða þörf er að ræða. Af framangreindu er ljóst að mikil þörf er á byggingu nýrra búsetukjarna í sveitarfélaginu fyrir fatlað fólk.

Búsetukjarni getur annað hvort verið byggður af sveitarfélaginu eða af utanaðkomandi fjárfestingaraðila sem myndi þá eiga húsnæðið og leigja til íbúa og sveitarfélagsins og er þá sambærilegt við þá leið sem farið var með kjarnann að Úgötu. Báðir kostir kalla á að viðeigandi lóð finnist í sveitarfélaginu svo hægt sé að hefja uppbyggingu.

Er þess því hér með óskað að samþykkt verði að hefja undirbúning að byggingu nýs kjarna í sveitarfélaginu þar sem fyrsta skrefið verður að finna viðeigandi lóð undir hann. Skipulagsvinna og staðarval er í höndum skipulagsnefndar. Er gert ráð fyrir að nýr búsetukjarni geti verið um 500-600 fm. að stærð með íbúðum fyrir sex til sjö íbúa auk starfsmannaaðstöðu. Er lagt til að tillögunni verði vísað til formlegrar meðferðar hjá bæjarráði sem mun eftir atvikum vísa skipulagsvinnu og vinnu við staðarval til skipulagsnefndar.

Virðingarfyllt,

Sigurbjörg Fjölnisdóttir